

8. gr.

Trúfélágsskráning nýfædds barns fylgir trúfélagsaðild móður samkvæmt þjóðskrá, nema annað sé tilkynnt í samræmi við ákvæði 3. gr. Auk foreldra getur sóknarprestur, eða löggildur prestur eða forstöðumaður utanþjóðkirkjusafnaðar, látið slíka tilkynningu í té, samkvæmt skriflegu eða munnlegu umboði foreldra.

Trúfélágsskráning barns, yngra en 16 ára, sem flytzt hingað til lands frá út- löndum, fylgir trúfélagsaðild móður, ef annað er ekki upplýst.

9. gr.

Auglýsing þessi er gefin út í samráði við kirkjumálaráðuneytið.

Fjármálaráðherrann, 8. nóvember 1966.

Magnús Jónsson.

Klemens Tryggvason.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 44 8. marz 1965, um þjóðvegi í kaupstöðum og kaupúnum.

1. gr.

Í upptalningu þjóðvega í 1. gr. reglugerðarinnar skulu þjóðvegir í Kópavogi og Suðureyri teljast:

Kópvogur:

Hafnarfjarðarvegur frá Fossvogslæk að Hlíðarvegi.

Suðureyri:

Súgandafjarðarvegur frá Höfða innan við syðsta hús um Aðalgötu út á móts við læk, sem rennur utan til við yzta hús kaupsinsins á svokölluðu Stekkjarnesi.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt vegalögum, nr. 71 30. desember 1963, öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 16. september 1966.

Ingólfur Jónsson.

Gunnar Vagnsson.

SAMÞYKKT

um afgreiðslutíma verzlana á Akranesi.

1. gr.

Samþykktin nær til hvers konar smásöluverzlana á Akranesi, þ. á m. söluturna, svo og einnig til brauð- og mjólkurbúða

Undanþegnar ákvæðum samþykktarinnar eru þó lyfjabúðir, bifreiðastöðvar og benzínafgreiðslur.